

# Héraðsdómur Norðurlands eystra

Dómur 3. október 2023

Mál nr. S-267/2023:

## Ákærvaldið

(Eyþór Þorbergsson aðstoðarsaksóknari)

## gegn

## Trausta Hannessyni

(Friðrik Smáráson lögmaður)

(Arnar Sigfússon lögmaður einkaréttarkröfuhafa)

## Dómur

### Málsmeðferð og dómkröfur

- Mál þetta, sem dómtekið var 28. september sl., höfðaði lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra með ákæru, dagsettri 21. apríl 2023 sl. á hendur Trausta Hannessyni, kt. [...], [...], Garðabæ

„fyrir líkamsárás með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 31. október 2021, á veitingastaðnum [...] á Akureyri, kýlt dyravörðinn Y, kt. [...], í hnakkann þegar Y var að stöðva átök ákærða og annars gests á veitingastaðnum. Afleiðingar þessa fyrir brotþola var að hann hlaut brot í liðbol brjósthryggjarliðs 5. Brotið er framanvert í neðri hluta liðsins og þar var væg lækkun á liðbolshæðinni framanvert og grunur um smá sprungu í 1 rífi.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með síðari breytingum.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar.

#### Einkaréttarkrafa:

Í málinu gerir Y, kt. [...], [...], Akureyri, bótakröfu á hendur ákærða að fjárhæð kr. 1.404.074-, með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr., laga nr. 38/ 2001, um vexti og verðtryggingu, af kr. 1.200.000 frá 31. október 2021 til 17. nóvember 2022, en þá af kr. 1.404.074 frá þeim degi, til 18. desember 2021 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá er gerð krafa um málskostnað.“

#### Afstaða og kröfur ákærða

- Ákærði neitar sök og krefst sýknu og frávísunar einkaréttarkröfu. Til vara krefst ákærði lægstu refsingar sem lög leyfa og lækkunar einkaréttarkröfu. Þá krefst ákærði þess að sakarkostnaður verði felldur á ríkissjóð, þar með talin hæfileg málsvarnarlaun verjanda ákærða.

## **Málsatvik og sönnunarfærsla**

- 3 Samkvæmt frumskýrslu lögreglu var tilkynnt um líkamsárás á skemmtistaðnum [...] sunnudaginn 31. október 2021 kl. 1:00. Fyrir utan staðinn hitti lögregla vitnin A og B sem kváðust hafa verið þátttakendur í slagsmálum inni á staðnum skömmu áður. Þeir hafi setið við borð á [...] þegar ungur maður á næsta borði, ákærði, hafi farið að skipta sér af A og kalla hann illum nöfnum. Hann hafi síðan kýlt A með krepptum hnefa vinstra megin við gagnaugað. B hafi þá stigið inn í til að vernda A. Stuttu síðar hafi dyravörður komið og stöðvað átökin. Eftir að lögreglumenn ræddu stuttlega við mennina héldu þeir inn á staðinn til að ræða við dyraverðina, sem stóðu þá við barinn. Er lögreglumenn nálgðuðust þá sáu þau annan dyravörðinn, Y brotþola í máli þessu, fá flogakast, krepptast saman og falla aftur á bak, en hinn dyravörðurinn, vitnið D, náði að grípa hann. Aðstoðuðu lögreglumenn við að leggja brotþola í gólfið og kölluðu til sjúkrabifreið. Var brotþoli meðvitundarlaus í um sjö mínútur og kastaði upp eftir að hann komst til meðvitundar. Var brotþoli fluttur á sjúkrahús.
- 4 Lögreglumenn ræddu á vettvangi við E, barþjón sem var við störf umrætt kvöld. Hafi hún tjáð þeim að slagsmál hafi átt sér stað sem brotþoli hafi stigið inn í og dyraverðirnir síðan „hent“ árásarmanninum út. Eftir atvikið hafi brotþoli komið að barnum og sagt henni að hann hafi fengið högg á hnakkann. Hann hafi verið stjarfur og síðan fallið niður þegar lögreglan kom inn.
- 5 Þann 3. nóvember 2021 kom brotþoli á lögreglustöð og lagði fram kæru á hendur ákærða. Voru skýrslur teknar af vitnum hjá lögreglu á tímabilinu 16. desember 2021 til 19. október 2022.
- 6 Eftirlitsmyndavélar á veitingastaðnum [...] reyndust óvirkar.
- 7 Í málinu liggur fyrir áverkavottorð F skurðlæknis, dags. 6. júlí 2022, sem unnið er upp úr gögnum Sjúkrahússins á Akureyri (SAk) um komu brotþola á slysadeild og meðferð hans þar. Samkvæmt vottorðinu greindist brot í liðbol fimmta brjósthryggjarliðs framanvert í neðri hluta og væg lækkun á liðbolshæðinni, auk þess sem grunur var um sprungu í fyrsta rífi hægra megin. Taldar voru allar líkur á að brotið myndi gróa án fylgikvilla og eftirstöðva, en tíminn yrði að leiða í ljós hvort það gengi eftir.

### ***Skýrslur fyrir dómi***

- 8 Ákærði kvaðst hafa lent í stympingum við annan mann á barnum [...], en ákærði hafi ekki átt upptökin. Hann hafi ekki barið neinn, en verið í stympingum við annan mann þar sem þeir hafi hrint og slegið til hvors annars. Dyravörður hafi komið og gengið á milli í þann mund þegar ákærði fékk högg frá mannum og hrökklaðist aftur á bak. Dyravörðurinn hafi verið með húðflúr í andliti og sé brotþoli í þessu máli. Annar dyravörður hafi komið aftan að ákærða og haldið honum, sveigt hann niður og dregið hann út. Ákærði hafi ekki slegið frá sér né beitt neinu ofbeldi eftir að dyraverðirnir höfðu afskipti af stympingunum, Hann hafi ekki haft tækifæri til þess. Ákærði kvaðst hafa verið undir áhrifum áfengis.

- 9 *Vitnið Y, brotþoli*, kvaðst hafa verið að vinna við dyravörslu þetta kvöld sem verið hafi rólegt. Allt í einu hafi ákærði stokkið upp og ráðist á mann sem sat við borð ásamt öðru fólki og kýlt hann í andlitið. Brotþoli hafi stokkið inn í hornið og reynt að stöðva átökin. Í þeirri atburðarás hafi hann fengið högg rétt neðan við hnakkann. Miðað við hvernig kringumstæður hafi verið komi enginn annar til greina en ákærði. Á svipuðum tíma og brotþoli hafi skorist í leikinn hafi annar mjög ölvaður og æstur maður staðið upp og farið að skipta sér af. Þeir hafi verið þrír þarna, ákærði, maðurinn sem hann stympaðist við og sá sem stóð upp og fór að skipta sér af. Mjög skyndilega hafi allir verið staðnir upp þarna í kring og verið að skipta sér af átökunum í einni þvögu, en það hafi verið eftir að höggið kom aftan á háls brotþola. Atvik hafi gerst mjög hratt og erfitt að muna þetta skýrt í dag. Vitnið kveðst sjálfur ekki þekkja ákærða í sjón, en miðað við frásagnir vitna sé um hann að ræða. Eftir að ákærða hafi verið fylgt út hafi brotþoli hnigið niður og misst meðvitund við barinn og muni ekki meira eftir kvöldinu.
- 10 Aðspurður um áverkavottorð kvað brotþoli rangt eftir haft að hann hafi verið kýldur í hægri síðuna, það hafi verið félagi hans D sem hafi fengið högg þar. Vitnið hafi þó verið vankað eftir höggið og geti ekki fullyrt hvort hann hafi nefnt að hafa fengið högg í síðuna er hann kom á slysadeildina.
- 11 Brotþoli kvaðst hafa átt nýfætt barn er atvikið gerðist og þetta hafi háð honum mikið. Hann hafi oft verið rúmliggjandi fyrstu mánuðina og með mikla höfuðverki. Hann hafi verið geðvondur af verkjunum í stað þess að njóta föðurhlutverksins. Hann hafi áður verið virkur í íþróttum, en lítið getað stundað þær eftir þetta. Hann hafi náð sér þökkalega í dag, en þetta geti fylgt honum alla ævi.
- 12 *Vitnið D* kvaðst hafa verið að vinna við dyravörslu þetta kvöld, sem hafi verið rólegt og gott. Starfsmenn hafi verið að fara að loka staðnum og vitnið staðið við dyrnar. Hægra megin við innganginn hafi fólk setið við borð og þar á meðal ákærði sem slegið hafi mann sem sat við sama borð. Brotþoli hafi staðið við barinn og verið að fara glasarúnt og hafi staðið nær átökunum en vitnið, en hafi snúið baki í mennina þegar átökin hófust og ekki séð hver hafi slegið hvern. Brotþoli hafi stigið inn í átökin og strax snúið sér að manningnum sem fékk höggið frá ákærða, sem var þá staðinn upp. Brotþoli hafi talið hann hafa verið upphafsmanninn, þar sem hann hafi verið talsvert hærri og stærri en ákærði. Brotþoli hafi snúið að manningnum en með bakið að ákærða, sem hafi kýlt brotþola í bakið. Vitnið hafi þegar komið að og aðstoðað brotþola við að stilla til friðar. Ákærði hafi slegið til sín einnig, en ekki orðið skaði af. Fleiri hafi komið aðvífandi í þvögu og skipt sér af, en enginn verið að slá frá sér. Sumir hafi haldið höndunum upp til að sýna að þeir hefðu ekkert með átökin að gera. Enginn hafi slegið til brotþola annar en ákærði. Vitnið kveðst kannast við brotþola, en þeir þekkist ekki sem vinir. Þeir hafi verið samstarfsfélagar á veitingastaðnum. Vitnið kveðst þess fullviss að hann hafi séð ákærða slá brotþola í bakið. Honum finnst högginn hafa verið fleiri en eitt.
- 13 *Vitnið G* kvaðst hafa starfað sem barþjónn þetta kvöld. Kvöldið hafi verið rólegt þar til átök hófust í horninu við dyrnar. Ákærði hafi stokkið yfir borðið og að manni sem sat þar á móti honum. Allir hafi verið ofan í öllum og mikil læti. Dyraverðirnir hafi reynt að

skerast í leikinn. Einni stúlku hafi verið hrint utan í vegg. Dyraverðirnir hafi beðið fólkið um að leyfa þeim að vinna vinnuna sína. Vitnið kvaðst ekki hafa séð brotþola verða fyrir höggi, en þarna hafi verið dimmt og mikið af fólki. Fólk hafi verið talsvert ölvað. Þetta hafi verið eins og í teiknimynd, allir ofan í öllum og allir að blanda sér í átökin.

- 14 *Vitnið H* kvaðst hafa verið gestur á veitingastaðnum þetta kvöld. Hún hafi drukkið lítið og ekki verið ölvuð. Hún kvaðst hafa séð dyraverðina tvo halda ákærða sem hafi „sveiflað höndunum út um allt“, en hún hafi ekki séð dyraverðina verða fyrir höggum. Þeir hafi verið að reyna að stöðva ákærða og hann hafi slegið frá sér á meðan. Vitnið kvaðst ekki hafa séð neinn annan slá. Dyraverðirnir hafi síðan fylgt ákærða út af staðnum. Stuttu síðar hafi ákærði komið inn aftur og slegið mann vitnisins í andlitið og farið aftur út og hlaupið fyrir horn. Vitnið kvaðst kannast við ákærða, sem gamlan vinnufélaga. Hún kvaðst hafa setið aftast á staðnum, sem sé lítill og hún því séð atburðarásina, en þó ekki í návígi.
- 15 *Vitnið B* kvaðst hafa verið á veitingastaðnum og setið með öðru fólki inni í horni. Hann hafi setið með bakið í áttina að barnum. Einhver umræða hafi verið hjá mönnum á borði fyrir aftan þá, en þar hafi ákærði setið. Allt í einu hafi ákærði slegið A, féлага vitnisins, sem sat við sama borð. Vitnið hafi staðið upp og reynt að aðstoða A, en fallið í gólfið þar sem þröngt var. Reynt hafi verið að sparka í vitnið. Dyraverðirnir hafi síðan fylgt ákærða út, en vitnið hafi ekki séð átök ákærða við dyraverðina. Vitnið kvaðst hvorki þekkja ákærða í sjón né geta borið kennsl á hann. Aðrir sem hafi setið við borðið hafi að öllum líkindum séð atburðarásina betur.
- 16 *Vitnið A* kvaðst hafa setið við borð á [...] með fleira fólki, en þau hafi verið að koma af tónleikum. Mikill fjöldi hafi verið á staðnum. Tveir menn hafi sest við næsta borð. Þau hafi spurt hvað þeir hafi verið að gera, annar hafi spjallað aðeins en hinn bara starað á þau. Samskiptin hafi fljótt þróast þannig að ákærði hafi hreytt fúkyrðum í vitnið, sem hafi svarað einhverju, en síðan hafi ákærði slegið vitnið í gagnaugað. Vitnið kvaðst ekki geta sagt hvernig árásarmaðurinn líti út. Vitnið hafi fallið í gólfið við höggið. Dyraverðir hafi komið að og bannað vitninu og félögum þess að fara út, en fylgt ákærða út. Félagi vitnisins, B, hafi reynt að koma honum til varnar en fallið í gólfið er hann stóð upp. Vitnið kvaðst ekki hafa séð dyraverðinn verða fyrir höggi. Vitnið kvaðst ekki muna til þess að hafa slegið frá sér. Kvaðst hann hafa drukkið þrjá til fjóra bjóra um kvöldið.
- 17 *Vitnið I*, sérnámsskurðlæknir, staðfesti áverkavottorð í málinu og kvað aðkomu sinni að meðferð brotþola rétt lýst. Hún hafi tekið á móti honum á slysadeild eftir atvikið þetta kvöld. Yfirleitt fáist fullur bati af áverkum sem þessum, en um það sé ekki hægt að fullyrða. Aðspurt kvað vitnið það geta samræmst áverkunum að brotþoli lýsi því nú að hafa verið með verki við það að standa eða sitja lengi kyrr. Brot á þessu svæði geti haft þær afleiðingar. Ólíklegt sé hins vegar að þreyta fylgi þessum áverkum. Brotið grói. Verkir gætu þó mögulega komið fram við áreynslu.
- 18 *Vitnið J* kvaðst hafa setið við borð með vitnunum B og A ásamt kærasta sínum K. Fyrir aftan þau hafi setið ákærði sem verið hafi heitt í hamsi. Allt í einu hafi hann staðið upp og slegið A sem hafi fallið í gólfið. Ákærði hafi verið ofan á honum. B hafi blandað sér

í átökin og reynt að ná ákærða frá A. Vitnið taldi B hafi fengið högg í leiðinni. Dyravörður hafi síðan komið og reynt að stöðva átökin. Ákærða hafi síðan verið fylgt út, en þau sjálf verið eftir inni og ekki litist á að fara út. Vitnið hafi hringt í lögregluna. Vitnið kvaðst ekki hafa séð dyravörðinn verða fyrir höggi, en hún gæti ekki sagt til um hvort það hafi gerst. Vitnið kvaðst ekki muna hvernig atburðarásin var eftir að dyravörðurinn kom.

- 19 *Vitnið K* kvaðst hafa komið á [...] með kærustu sinni og vinafólki af tónleikum [...] og sest við borð hægra megin við innganginn. Tveir menn hafi komið inn og sest við borðið við hliðina og annar þeirra starað á þau. Vitnið hafi spurt hvort það væri eitthvað vandamál, en að öðru leyti ekki skeytt um þetta. Félagi vitnisins A hafi lent í orðaskiptum við ákærða sem hafi endað með því að hann hafi slegið A í andlitið. Vitnið taldi A hafa svarað með höggi áður en hann féll í gólfið. Hamangangur hafi orðið og dyraverðirnir komið og skakkað leikinn. Vitnið hafi hjálpað félagi sínum B upp úr gólfinu, en dyraverðirnir fylgt ákærða út. Dyraverðirnir hafi óskað eftir að vitnið og félagar héldu kyrru fyrir áður en lögreglan kæmi. Vitnið hafi ekki séð dyraverðina verða fyrir höggum frá ákærða. Vitnið kvaðst hafa setið í sófanum og séð aðstæður vel. Allt hafi gerst fyrir framan hann, en hann muni atburðinn ekki skýrt í dag.
- 20 *Vitnið L*, kvaðst hafa verið með ákærða þetta kvöld og þeir verið rétt sestir við borð þegar þeir hafi farið að spjalla við annan mann. Dólgur hafi verið í mönnum. Ákærði og maðurinn við borðið hafi staðið upp. Ákærði hafi fengið högg í höfuðið. „Stór“ dyravörður hafi komið og tekið í ákærða og haldið honum. Grennri dyravörðurinn hafi stigið á milli átakanna og reynt að „blokka“ ákærða. Dyraverðirnir hafi síðan fylgt honum út. Hinn maðurinn hafi reynt að sparka í Trausta þegar dyraverðirnir héldu honum og viljað halda áflogum áfram. Trausti hafi ekki slegið frá sér. Vitnið taldi sig ekki hafa verið búinn að drekka áfengi.

### **Forsendur og niðurstaða**

- 21 Að loknum skýrslum fyrir dómi féllst ákærvaldið á að ónákvæmni gætti í ákærinni um að ákærði hafi kýlt brotaþola í hnakkann, en hið rétta væri að ákærði hafi kýlt brotaþola ofarlega í bakið. Þrátt fyrir þessa ónákvæmni í verknaðarlýsingu ákærðu um hvar högg ákærða hafi lent á brotaþola girðir það ekki fyrir að lagður verði dómur á málið, enda hefur vörn ákærða ekki verið áfátt vegna þessa atriðis, sbr. 1. mgr. 180. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála (sml.).
- 22 Ákærði hefur staðfastlega neitað sök í málinu. Sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag hvílir á ákærvaldinu, sbr. 108. og 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála (sml.). Eins og sönnunarstöðu í málinu er háttáð ræðst niðurstaðan fyrst og fremst af munnlegum framburðum og mati á trúverðugleika þeirra. Framburðir vitna bera þess merki að tæp tvö ár eru liðin frá því atvik málsins áttu sér stað og eru nokkuð á reiki um atburðarásina.
- 23 Ákærði kannaðist við það fyrir dómi að hafa lent í stypingum við mann inni á veitingastaðnum, en kvaðst ekki hafa átt upptökin. Hann hafi ekki barið neinn þetta

kvöld, en átökin við umræddan mann hafi falist í hrindingum og þeir hafi slegið til hvors annars. Kvaðst ákærði ekki hafa getað slegið brotþola þar sem annar dyraverður hafi komið aftan að sér, sveigt sig niður og dregið sig út. Framburður ákærða stangast á við framburð vitnanna H, D, K, J, G, A og B, sem öll sögðu ákærða hafa átt upptökin að átökum í umrætt sinn er hann hafi skyndilega slegið til A. Einungis framburður vitnisins L styður framburð ákærða, en virða verður framburð hans í því ljósi að þeir ákærði eru félagar, auk þess sem framburður L fyrir dómi var mjög óskýr. Þá samræmist framburður ákærða fyrir dómi, um að honum hafi verið haldið föstum af dyraverði og dreginn þannig út og því ekki haft neitt tækifæri til að slá frá sér, ekki framburði hans fyrir lögreglu þar sem ákærði sagðist hafa náð að losa sig úr taki dyravarðarins D. Hið sama gildir um framburð L fyrir lögreglu á þann veg að ákærða hafi verið haldið allan tímann af dyraverði og því ekki getað slegið frá sér. Getur það ekki átt við tímamarkið þegar brotþoli steig inn í átökin og kvaðst hafa fengið umrætt högg í bakið, þar sem D var þá ekki kominn að ákærða. Þykja framburðir ákærða og L ótrúverðugir gegn framburði framangreindra vitna, sem öllum ber saman um að ákærði hafi verið æstur og látið ófriðlega og átt upptökin að átökunum og haldið áfram ofbeldi eftir að dyraverðir höfðu afskipti af honum. D skýrði frá því að ákærði hefði slegið sig, en af því hafi ekki orðið skaði. Vitnið H bar um að hún hafi séð ákærða „sveifla höndunum út um allt“ þegar dyraverðirnir héldu honum, auk þess sem ákærði hafi slegið mann vitnisins í andlitið eftir að honum hafði verið vísað út.

- 24 Brotþoli lýsti því fyrir dómi hvernig hann steig inn í átök ákærða og A og fékk högg á hálsinn aftanverðan þegar hann sneri að A og B, en ákærði stóð fyrir aftan. Að hans mati væri útilokað að höggið hafi komið frá neinum öðrum, þó hann hafi ekki getað séð það sjálfur.
- 25 Atburðarásin gerðist hratt og bera framburðir þess merki að vitni hafi átt erfitt með að greina hana með nákvæmum hætti. Ekkert vitnanna, utan D, kvaðst hafa séð ákærða kýla brotþola í bakið þegar hann steig á milli ákærða og A. Framburður D, sem var allsgáður þetta kvöld, var hins vegar nákvæmur og skýr um atburðarásina og í fullu samræmi við framburð hans fyrir lögreglu. Fylgdist hann með atvikum allt frá því átök hófust á milli ákærða og A. Kvaðst hann þess fullviss að hafa séð ákærða kýla brotþola í bakið er hann steig á milli ákærða og A. Eru engin efni til að vefengja trúverðugan framburð vitnisins og verður hann lagður til grundvallar gegn neitun ákærða.
- 26 Verður ákærði samkvæmt öllu framangreindu sakfelldur fyrir þá háttsemi sem honum er gefin að sök samkvæmt ákæru. Með fyrrgreindu áverkavottorði og framburði I fyrir dómi er sannað að við höggið fékk brotþoli þá áverka er greinir í ákæru. Er háttsemi ákærða réttilega heimfærð til refsíákvæða.

*Ákvörðun refsingar, annarra viðurlaga og sakarkostnaðar*

- 27 Ákærði hefur hreinan sakaferil. Til þess er að líta að brot hans var tilefnislaust og hafði talsverðar afleiðingar fyrir brotþola, sem virt verður ákærða til þyngingar sbr. 2. og 7. tl. 1. mgr. 70. gr. hgl. Á móti kemur til mildunar að ákærði var ungur að aldri og hefur ekki brotið af sér síðan, sbr. 4. og 5. tl. 1. mgr. 70. gr. hgl. Með hliðsjón af framansögðu

og þeim drætti sem orðið hefur á rannsókn málsins og útgáfu ákæru þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í tvo mánuði, en fullnustu refsingarinnar er frestað og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940.

- 28 Með vísan til dómsniðurstöðu á brotaþoli rétt á miskabótum úr hendi ákærða samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sem þykja hæfilega ákveðnar 500.000 krónur með hliðsjón af dómaframkvæmd í sambærilegum málum. Þá verður ákærða gert að greiða brotaþola skaðabætur vegna útlagðs sjúkrakostnaðar að fjárhæð 80.384 krónur. Fyrir liggur að krafa brotaþola var birt ákærða 21. nóvember 2022. Verður fallist á vaxtakröfu brotaþola eins og nánar greinir í dómsorði. Þá verður ákærða gert að greiða brotaþola 492.900 krónur í málskostnað að teknu tilliti til virðisaukaskatts.
- 29 Að kröfu ákæruvaldsins og með vísan til dómsniðurstöðu verður ákærða gert að greiða útlagðan sakarkostnað málsins 48.184 krónur, auk málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Friðriks Smárásonar, lögmanns, sem með hliðsjón af efni og umfangi málsins eru ákveðin eins og í dómsorði greinir að virðisaukaskatti meðtöldum.
- 30 Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Eyþór Þorbergsson, aðstoðarsaksóknari.

Hlynur Jónsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

#### **Dómsorð:**

Ákærði, Trausti Hannesson, sæti fangelsi í tvo mánuði en fullnustu refsingarinnar er frestað og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940.

Ákærði greiði brotaþola, Y, 580.384 krónur, með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr., laga nr. 38/ 2001, um vexti og verðtryggingu, af 500.000 krónum frá 31. október 2021 til 21. nóvember 2022, en af 580.384 krónum frá þeim degi, til 21. desember 2022 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags, auk 492.900 króna í málskostnað.

Ákærði greiði útlagðan sakarkostnað 48.184 krónur, auk málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Friðriks Smárásonar, lögmanns, 753.300 krónur.